

Ár 2009, fimmtudaginn 25. júní, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar á skrifstofu formanns nefndarinnar að Þingholtsstræti 33, Reykjavík.

Fyrir var tekið

Mál 10/2008:

**Árnason Faktor ehf. f.h. Turkiye
Garanti Bankasi Anoním Sirketi,
Tyrklandi**

gegn

Einkaleyfastofunni

**vegna ákvörðunar frá 29. maí
2008 um að synja skráningu
vörumerkisins GARANTI
BONUS (orðmerki), sbr.
alþjóðlega skráningu nr. 907732.**

Kveðinn var upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi, dags. 29. júlí 2008, var ákvörðun Einkaleyfastofu (ELS) um að hafna skráningu á vörumerkinu GARANTI BONUS (orðmerki), sbr. alþjóðlega skráningu nr. 907732, áfrýjað til áfrýjunarnefndar. Var þess krafist að hinni kærðu ákvörðun yrði hnekkt og að skráning vörumerkis áfrýjanda yrði heimiluð.

Málavextir:

I.

Með tilkynningu Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO), dags. 28. desember 2006, var Einkaleyfastofunni tilkynnt um yfirfærslu alþjóðlegrar vörumerkjaskráningar nr. 907732 GARANTI BONUS (orðmerki) til Íslands. Merkið óskaðist skráð fyrir nánar tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 9 og 36.¹ Með bréfi ELS til WIPO, dags. 11. júní 2007, var tilkynnt um

¹ Þar sem um alþjóðaskráningu er að ræða er vörulistinn á ensku, sbr. 3. mgr. 31. gr. rgj. 310/1997, en hann er svohljóðandi: Class 9: Electronic and magnetic cards; telephone cards, banking cards, automatic cards to open and close, electronic cards for counters, electronic tickets. Class 36: Financial and monetary services; banking services, financial management services, financial analysis services, financial sponsorship services, providing of information services concerning financial matters, factoring services (buying of goods and debt collecting organizations), leasing services, issuance of credit cards with installment payment plan, credit card services, issuing credit cards, credit services, money exchange services, issuance of travellers' checks, check verification, electronic funds transfer, retirement payment services, guarantees, rent collection services, securities brokerage, safe deposit services, mutual funds, mortgage banking.

að ELS hafnaði skráningu merkisins til að auðkenna vörur/þjónustu í flokkum 9 og 36. Var synjunin byggð á 1. mgr. 13. gr. vörumerkjalaga, nr. 45/1997 (vml.), þ.e. að merkið væri ekki til þess fallið að greina vörur/þjónustu eiganda merkisins frá vörum og þjónustu annarra.

Með bréfi umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 12. desember 2007, vísaði umboðsmaðurinn til þess að við mat á því hvort vörumerki teldist lýsandi yrði að horfa annars vegar á sjálft merkið og hins vegar á þær vörur/þjónustu sem sótt væri um vernd fyrir. Taldi umboðsmaður áfrýjanda að ekki væri unnt að fallast á að merkið GARANTI BONUS lýsti ákveðnum eiginleikum eða tegund þeirrar vöru/þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna. Taldi umboðsmaðurinn ljóst að það gæfi til kynna ákveðna eiginleika eða tegund og væri því líklega leiðandi (e. suggestive) en féllst ekki á að merkið væri lýsandi fyrir ástand eða eiginleika. Vísaði umboðsmaður áfrýjanda til athugasemda með 13. gr. vml. þar sem segir annars vegar að einfaldar myndir, mynd af sjálfri vörunni eða lýsing á henni með almennum orðum væru ekki til þess fallnar að gefa vöru sérkenni í huga almennings. Þá segir hins vegar að ekki væri talið réttmætt að einstakir aðilar gætu helgað sér almennar lýsingar á vöru. Tók umboðsmaður áfrýjanda fram að hann teldi samsetninguna GARANTI BONUS ekki geta talist lýsandi fyrir þær vörur/þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna enda hefði ekki verið sýnt fram á að samsetning orðanna væri almennt notuð sem lýsing á umræddum vörum/þjónustu. Þá benti umboðsmaðurinn á að merkið yrði að meta með því að skoða það í heild en ekki einstök orð sem það innihéldi. Þá tók hann fram að hann fengi ekki séð að merkið væri ekki til þess fallið að gefa vörunni sérkenni í huga almennings né að með skráningu þess yrðu aðrir útilokaðir frá því að nota það sem gæti talist almenn lýsing á umræddum vörum. Þá var enn bent á að þótt merkið yrði skráð veitti það áfrýjanda ekki einkarétt á að nota orðið „garanti“ eða „bonus“ eitt og sér heldur mundi einkarétturinn aðeins ná til samsetningar orðanna og gæti það að hans mati ekki talist takmarkandi fyrir aðra í sama geira. Benti umboðsmaðurinn að lokum á að áfrýjandi hefði notað merkið í miklum mæli í Tyrklandi þar sem það væri vel þekkt. Krafðist umboðsmaður áfrýjanda þess að skráning merkisins yrði heimiluð.

Með bréfi ELS til áfrýjanda, dags. 30. janúar 2008, vísaði stofnunin til þess grundvallarskilyrðis fyrir skráningu vörumerkis að það væri til þess fallið að greina vöru/þjónustu eiganda frá vöru/þjónustu annarra, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml. Benti stofnunin jafnframt á að tilgangur ákvæðisins væri ekki aðeins sá að koma í veg fyrir að einstakir aðilar gætu helgað sér merki og þannig takmarkað rétt annarra til að lýsa sinni vöru/þjónustu, heldur

einnig að koma í veg fyrir skráningu merkja sem hefðu ekki til að bera nægjanlegt sérkenni, væru m.ö.o. ekki til þess fallin að sérgreina vöru í huga almennings.

Þá sagði orðrétt í bréfi ELS:

Merki umbjóðanda yðar, GARANTI BONUS (orðmerki), sbr. alþjóðleg skráning nr. 907 732 óskast skráð fyrir vörur og þjónustu í flokkum 9 og 36. Orðið *garanti* þýðir samkvæmt dansk-íslenskri orðabók, *ábyrgð, trygging*. Orðið *bonus* hefur þekkt merkinu í hugum neytenda hvort sem það er á ensku, dönsku eða íslensku, en orðið þýðir *arður, aukagreiðsla, kaupauki, aukaútborgun*, eða *eitthvað sem er til hagsbóta, kostur*. Það er mat Einkaleyfastofunnar að orðasambandið GARANTI BONUS sé til þess fallið að valda þeim tengslum í hugum neytenda að verið sé að ábyrgjast eða tryggja hagnað eða aukagreiðslur. Telur Einkaleyfastofan að merkið sé lýsandi fyrir eiginleika þeirra vara eða þeirrar þjónustu sem óskað er skráningar á, sbr. 1. mgr. 13. gr. vörumerkjalaga, ásamt því að skorta sérkenni og aðgreiningareiginleika.

Að auki vísaði ELS til þess að það hvernig hið umdeilda merkið væri notað í heimalandi hefði ekki áhrif á mat stofnunarinnar. Féllst stofnunin því ekki á skráningu merkisins.

Með bréfi umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 10. apríl 2008, var ákvörðun ELS andmælt.

Þar sagði orðrétt:

Það að vörumerki innihaldi almenn orð sem hafa ákveðna merkingu í huga fólks þarf á engan hátt að þýða að um lýsandi merki sé að ræða eða að ástæða sé til að synja um skráningu þar sem merkið innihaldi algengt tákni eða orðasamband. Það verður að líta á merkið í heild sinni í því samhengi sem það á að notast í.

Benti umboðsmaður áfrýjanda á að ekki hefði verið sýnt fram á að orðasamsetning merkisins væri notuð sem almenn lýsing á þeim vörum/þjónustu sem hér um ræddi, t.d. notaði enginn aðili hér á landi þessa orðasamsetningu þrátt fyrir að hér væri boðið upp á afsláttarkort eða annars konar aukagreiðslufríðindi. Taldi umboðsmaður áfrýjanda því að merkið væri á engan hátt venjubundin orðnotkun til að lýsa eiginleikum vörunnar og þjónustunnar. Þá benti umboðsmaður áfrýjanda á að þar sem merkið samanstæði af tveimur orðum yrði að meta skráningarhæfi þess með því að skoða merkið í heild sinni og taldi hann, með hliðsjón af því, merkið gefa vörunni sérkenni. Umboðsmaður áfrýjanda benti einnig á að jafnvel þótt áfrýjandi fengi vörumerkið skráð fengi hann ekki einkarétt á að nota orðið *garanti* eða *bonus* eitt og sér, aðeins á orðasamsetningunni GARANTI BONUS og einungis fyrir ákveðna vöru og þjónustu. Tók umboðsmaðurinn fram að þetta takmarkaði ekki rétt annarra til að lýsa vöru sinni og þjónustu.

Umboðsmaður áfrýjanda kvaðst til vara byggja á því að merkið væri vísbendandi merki (e. suggestive) þar sem það fæli í sér nafnorðin *garanti* og *bonus* og það væri því vísbending um að um einhvers konar aukagreiðslur eða hagnað væri að ræða. Um væri að ræða opna setningu sem skildi eftir spurningu í huga neytandans um hvers konar vöru eða starfsemi væri að ræða. Sem dæmi um vísbendandi merki benti umboðsmaður áfrýjanda á vörumerkin POWERWARE og SILK ESSENTIALS. Gat umboðsmaðurinn þess að vísbendandi merki væri skráningarhæft svo fremi það væri ekki beinlínis lýsandi. Tók umboðsmaðurinn fram að hann teldi merkið ekki lýsandi og að það hefði til að bera nægileg sérkenni til að geta talist skráningarhæft. Var því farið fram á að ELS endurskoðaði afstöðu sína og heimilaði skráningu merkisins GARANTI BONUS fyrir vörur og þjónustu í flokkum 9 og 36.

Með bréfi ELS til áfrýjanda, dags. 29. maí 2008, var tekið fram að tilgangur 13. gr. vml. væri ekki aðeins sá að koma í veg fyrir að aðilar gætu helgað sér merki sem gætu takmarkað rétt ananrra til að lýsa vöru sinni eða þjónustu, heldur einnig að koma í veg fyrir skráningu merkja sem hefðu ekki til að bera nægilegt sérkenni, væru m.ö.o. ekki til þess fallin að sérgreina vöru í huga almennings. Ítrekaði stofnunin fyrri röksemdir sínar um merkingu orða merkisins. Þá tók ELS fram að þau merki, sem umboðsmaður áfrýjanda hefði vísað til sem rök fyrir því að merki áfrýjanda fengist skráð, væru ekki sambærileg merki áfrýjanda. Féllst stofnunin ekki á skráningu merkisins GARANTI BONUS, sbr. alþjóðlega skráningu nr. 907732.

Umboðsmaður áfrýjanda skaut ákvörðun ELS til áfrýjunarnefndar með bréfi, dags. 29. júlí 2008. Þar var þess krafist að ákvörðun ELS yrði hnekkt og að skráning merkisins yrði heimiluð hér á landi. Umboðsmaður áfrýjanda vísaði til 2. gr. vml. um að vörumerki geti verið hvers konar sýnilegt tákn sem væri til þess fallið að greina vörur eða þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra. Krafa þessi væri ítrekuð í 1. mgr. 13. gr. laganna og væri í 2. mgr. 13. gr. sömu laga kveðið á um að við mat á sérkenni skyldi líta til allra aðstæðna og þyrfti því tiltekið heildarmat að fara fram. Umboðsmaður áfrýjanda ítrekaði fyrri röksemdir sínar og lagði áherslu á að merki áfrýjanda væri mjög þekkt í Tyrklandi. Auk þess væri þýðingarmikið fyrir áfrýjanda að fá merki skráð hér þar sem hann hygði á frekari markaðssetningu hér þar sem hann ætti þegar skráð þrjú vörumerki, sem væru orð- og myndmerkin GARANTI, GARANTI BANK og GARANTI FLEXI. Kvaðst umboðsmaður áfrýjanda telja þessar skráningar styðja skráningarhæfi hins umdeilda merkis. Umboðsmaður áfrýjanda ítrekaði framkomin rök þess efnis að þótt að áfrýjandi fengi merki sitt skráð þýddi það ekki að hann fengi einkarétt á orðum þess einum og sér og einnig að til vara byggði hann á því að merkið

teldist vísbendandi. Þá vísaði umboðsmaður áfrýjanda til þess að dómstóll Evrópubandalaganna (EB-dómstóllinn) hefði fjallað um aðgreiningarhæfi og sérkenni vörumerkja og vísaði hann til svonefnds DOUBLEMINT-máls² sem áfrýjunarnefndin hefði vísað til í SILK ESSENTIAL-máli.³ Í meðferð EB-dómstólsins í DOUBLEMINT málinu hefðu ákveðin viðmið verið lögð til grundvallar⁴ og væru þau heimfærð upp á hið umdeilda merki kæmi eftirfarandi í ljós: að ekki væri líklegt að merki áfrýjanda yrði notað sem almenn lýsing á þeim vörum og þjónustu sem merkið óskaðist skráð fyrir, orðin væru ekki venjubundin orðnotkun til að lýsa ákveðnum eiginleikum vörunnar og þjónustunnar og þá væru viðkomandi eiginleikar ekki mikilvægustu eiginleikar vörunnar og þjónustunnar. Þá vísaði umboðsmaður áfrýjanda til ákvarðana OHIM í annars vegar NETMEETING⁵- og hins vegar OILGEAR⁶-máli. Með hliðsjón af þessu kvaðst umboðsmaður áfrýjanda telja að líta mætti svo á að:

vörumerkið GARANTI BONUS feli í sér að minnsta kosti lágmarkssérkenni þar sem vörumerkið sjálft gefur ekki skýrt í ljós fyrir neytandann hver varan og þjónustan er sem merkinu er ætlað að auðkenna.

Þá vísaði umboðsmaður áfrýjanda til EASY BANK-máls undirréttar EB-dómstólsins⁷ og benti hann á nokkur vörumerki sem væru skráð hér á landi sem hann sagði íslensk skráningaryfirvöld hefðu talið leiðandi en jafnframt skráningarhæf.

Lokaorð umboðsmanns áfrýjanda voru eftirfarandi:

Af ofangreindu má ráða að merki sem gefa vísbendingu um eiginleika vöru sinnar séu skráningarhæf og standa ekki í vegi fyrir því að aðrir aðilar noti orðin sem vörumerkið inniheldur til að gera grein fyrir vöru sinni eða þjónustu, enda er aðeins óskað verndar fyrir samsetningu orðanna sem slíkra en ekki fyrir orðin ein og sér. Jafnframt er kveðið á um það í 2. tl. 1. mgr. 6. gr. vml. að eigandi vörumerkis geti ekki hindrað að aðrir geti, í samræmi við góða viðskiptahætti, notað í atvinnustarfsemi sinni „lýsingar á tegund vöru eða þjónustu, ástandi, magni, notkun, verði, uppruna, hvenær vara er framleidd eða þjónusta boðin fram eða öðrum eiginleikum vöru eða þjónustu”.

Með vísan til alls framangreinds er það mat okkar að vörumerkið GARANTI BONUS sé ekki lýsandi fyrir vörur í þeim flokkum sem merkið óskast skráð fyrir og hefur til að bera nægileg sérkenni til að geta talist skráningarhæft fyrir þær vörur og þjónustu sem það óskast skráð fyrir. Einnig er það mat okkar með vísan til framangreinds að merkið sé til þess fallið að greina sundur vörur og þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra.

Krafðist umboðsmaður áfrýjanda þess að ákvörðun ELS yrði hnekkt og skráning merkis áfrýjanda yrði heimiluð.

² C. 191/01 P.

³ Mál nr. 12/2004.

⁴ Sjá álit Jacobs lögsögumanns (Advocate General), dags. 10. apríl 2003, C-191/01 P.

⁵ R-26/1998-3.

⁶ R-36/1998-2.

⁷ T87/00.

Áfrýjunarnefnd barst greinargerð ELS, dags. 29. janúar 2009. Þar áréttaði stofnunin skoðun sína að orðið BONUS hefði bæði almenna og þekkta merkingu, þ.e. sem aukagreiðsla, kaupauki eða arður en að orðið GARANTI gæti útlagst sem öryggi/öruggur eða tryggt/tryggur. Taldi stofnunin merkið vera lýsandi fyrir eiginleika þeirrar vöru sem það óskaðist skráð fyrir. Um þær myndir sem umboðsmaður áfrýjanda lagði fram sem gögn í málinu tók stofnunin fram að þær sýndu merkið GARANTI eða GARANTI BONUS ásamt mynd eða í sérstakri stílfærslu en aldrei orðasambandið eitt sér. ELS benti á að þau vörumerki sem áfrýjandi hefði þegar fengið skráð hér á landi innihéldu mynd af fjögurra laufa smára sem gæfi þeim sérkenni en þriðja merkið væri stílfært á sérkennilegan hátt.

Um viðmið DOUBLEMINT-máls EB-dómstólsins sagði ELS:

Þegar ofangreind viðmið eru notuð í tengslum við merki það sem hér er til umfjöllunar, þ.e. GARANTI BONUS er það mat Einkaleyfastofunnar að merkið hafi ekki til að bera sérkenni sem er nægilegt til að greina vörur merkiseiganda frá sambærilegum vörum annarra. Í fyrsta lagi er ekki ólíklegt að orðin GARANTI BONUS gætu verið notuð sem lýsing á þeirri þjónustu og þeim vörum sem óskað er skráningar fyrir. Í öðru lagi er ekki ólíklegt að hinn almenni neytandi myndi átta sig á að verið væri að vísa til eiginleika varanna og þjónustunnar, þ.e. að ábyrgjast kaupauka eða *garantera bónus*. Í þriðja lagi verður að telja að eiginleikar þeir sem orðasambandið lýsi, þ.e. öruggur kaupauki eða bónus, séu afar mikilvægir fyrir þá þjónustu og þær vörur sem merkið á að auðkenna. Til frekari stuðnings ofangreinds er rétt að benda á eftirfarandi sjónarmið í tilvitnuðum dómi Evrópudómstólsins, DOUBLEMINT, sem er á þá leið að ef orðmerki byggist á orðum eða orðasamsetningu sem eru í raun lýsandi fyrir eiginleika vöru eða þjónustu, miðað við almenna orðnotkun, þá uppfylltu þau ekki skilyrðið um sérkenni. Ekki skipti máli í því sambandi þó orðasambandið væri ekki notað í daglegu máli sem lýsingarorð, heldur var áherslan á að möguleiki væri á að það gæti verið notað sem slíkt.

Þá vísaði ELS til þess að vörumerkjaréttur væri að meginstefnu landbundinn og að skráningaryfirvöld hvers ríkis fyrir sig mætu skráningarhæfi vörumerkja sjálfstætt m.t.t. til sérkenna þeirra. Benti stofnunin á að gildissvið umsóknar hjá skráningarskrifstofu ESB næði til aðildarríkja Evrópusambandsins en þar sem Ísland væri ekki aðili að Evrópusambandinu næði slík skráning ekki hingað og úrskurðir áfrýjunarnefndar skráningarskrifstofunnar kæmu þ.a.l. ekki til skoðunar. Þá sagði orðrétt í greinargerð ELS:

Einkaleyfastofan ítrekar rök sín á fyrri stigum máls þessa um orðin garanti og bonus og undirstrikar sérstaklega að orðin bónus, kaupauki og arður eru mikið notuð í sambandi við fjármálaþjónustu og orðsambandið því til þess fallið að valda þeim tengslum í huga neytenda að verið sé að ábyrgjast eða tryggja kaupauka eða aukagreiðslu.

Ítrekaði stofnunin því ákvörðun sína um að umsókn áfrýjanda um skráningu merkisins GARANTI BONUS, sbr. alþjóðleg skráning nr. 907 732, skyldi hafnað á grundvelli 1. mgr. 13. gr. vml.

Með bréfi áfrýjunarnefndar til áfrýjanda, dags. 13. maí 2009, var honum sent afrit af greinargerð varnaraðila og tilkynnt um að málið yrði tekið til úrskurðar innan skamms.

Áfrýjunarnefnd tók málið til úrskurðar á fundi sínum 16. júní 2009.

Niðurstaða:

Deilt er um hvort orðmerkið GARANTI BONUS skv. alþjóðaskráningu 907732 hafi til að bera nægilegt sérkenni til að teljast skráningarhæft fyrir nánar tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 9 og 36 með hliðsjón af 13. gr. vml.

Hvers kyns sýnileg tákn sem eru til þess fallin að greina vörur eða þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra geta verið vörumerki, sbr. 1. mgr. 2. gr. vml. Orðmerki eru sýnileg tákn í skilningi vörumerkjalaga en meta þarf í hverju tilviki fyrir sig hvort þau séu til þess fallin að greina vörur eða þjónustu eins aðila frá vörum og þjónustu annarra.

Í athugasemdum með frumvarpi til vörumerkjalaga segir að orðmerki þurfi að vera svo sérkennileg að almenningur festi þau sér í minni sem auðkenni á sérstakri vöru eða þjónustu frá ákveðnum aðila. Nánari skilgreiningu á því hvað felst í skilyrðinu um aðgreiningareiginleika vörumerkja er að finna í 13. gr. vml. Þar segir að merki sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gefa til kynna m.a. tegund vörunnar, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær varan er framleidd, skuli ekki teljast hafa nægjanlegt sérkenni. Merki sem þarna falla undir teljast lýsandi fyrir hlutaðeigandi vöru eða þjónustu og eru ekki skráningarhæf. Sama á við um tákn eða orðasambönd sem teljast algeng í viðskiptum eða notuð eru í daglegu máli.

Orðin GARANTI og BONUS eru tökuorð í íslensku og eru þá stafsett garantí og bónus. Um er að ræða tvö almenn orð með skýra merkingu. Merking orðsins garantí í íslensku er trygging eða ábyrgð samkvæmt ábyrgðarskírteini, sbr. 4. útgáfu íslenskrar orðabókar Eddu frá árinu 2007. Bónus hefur merkinguna álag á föst laun eða kaupauki, aukaútborgun, tryggingaafsláttur, e-ð til hagsbóta, sbr. sömu heimild. Ljóst er að bæði orðin fela í sér vísun til mikilvægra eiginleika vöru og þjónustu. Því verður að fallast á það með Einkaleyfastofunni að orðin skorti sérkenni fyrir þær vörur og þjónustu sem áfrýjandi sækir um skráningu merkisins fyrir. Jafnframt er það álit nefndarinnar að algengt sé að orðin GARANTI og

BONUS séu notuð til að lýsa jákvæðum eiginleikum og ástandi vöru og þjónustu í öllum geirum viðskiptalífsins, sérstaklega í fjármálaþjónustu þar sem þær vörur og þjónusta sem sótt er um skráningu fyrir falla undir, sbr. síðasta málsl. 1. mgr. 13. gr. vml. Ekki verður talið að samsetning þeirra sé það sérstök að það skapi orðmerkinu nauðsynleg sérkenni. Um er að ræða málfraeðilega rétta samsetningu orða sem gæti verið notuð í daglegu máli sem og í viðskiptalífinu. Ekki liggur fyrir að orðmerkið hafi skapað sér sérkenni fyrir notkun hér á landi, sbr. 2. mgr. 13. gr. vml., eða að það sé vel þekkt í skilningi 7. tölul. 1. mgr. 14. gr. vml. Umrætt orðmerki GARANTI BONUS skortir því sérkenni og telst ekki skráningarhæft, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml. Því telur nefndin að staðfesta beri ákvörðun Einkaleyfastofunnar í þessu máli.

Úrskurð þennan kváðu upp Rán Tryggvadóttir formaður áfrýjunarnefndar, Hafdís Ólafsdóttir aðjúnkt og Sigrún Brynja Einarsdóttir lögfræðingur.

Úrskurðarorð:

Ákvörðun Einkaleyfastofunnar, dags. 29. maí 2008, um að synja skráningu orðmerkisins GARANTI BONUS samkvæmt alþjóðaskráningu 907732 fyrir nánar tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 9 og 36, er staðfest.

Rán Tryggvadóttir

Hafdís Ólafsdóttir

Sigrún Brynja Einarsdóttir

Rétt endurrit staðfestir